

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/253*  
*komudagur 24.11.2009*



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2009

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 116. mál, heildarlög.**

Félagi íslenskra náttúrufræðinga barst bréf frá Heilbrigðisnefnd Alþingis, dagsett 12. nóvember 2009, þar sem óskað er eftir umsögn félagsins um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Félag íslenskra náttúrufræðinga er stéttarfélag og stendur vörð um kaup og kjör félagsmanna ásamt því að standa vörð um réttindi félagsmanna.

Félagið gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, en með brottnámi laga nr. 24/1995 mun m.a. reglugerð nr. 272/1991 um menntun, réttindi og skyldur náttúrufræðinga, sem starfa á sérhæfðum rannsóknarstofum heilbrigðisstofnana falla úr gildi.

Félagið gerir ráð fyrir að heilbrigðisráðuneytið muni í samvinnu við félagið setja nýja reglugerð á grunni þessara laga þegar þau taka gildi. Einnig viljum við benda á að skoða þarf sérstaklega núverandi framkvæmd reglugerðar nr. 272/1991 og meta hvernig hægt sé að tryggja betur í framtíðinni að farið sé eftir nýrri reglugerð t.d. hvað varðar 5. grein sem fjallar um ráðningar og 7. grein sem fjallar um endurmenntun í núverandi reglugerð.

Virðingarfyllt,  
F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Páll Halldórsson, formaður

Afrit sent:  
Ráðherra Heilbrigðisráðuneytisins, Vögmúla 3, 150 Reykjavík